



Val á miðstigi í Húsaskóla

Val tímabil 2

Nú er komið að *Val* tímabili 2. í *Vali* geta nemendur valið á milli námskeiða í listgreinum, verkgreinum, íþróttum og upplýsinga- og tæknimennt fjórum sinnum í viku. Í þessu *Vali* blandast nemendur miðstigs eftir áhuga nemenda á framboði hverju sinni.

Skólaárið skiptist í fimm val tímabil. Á hverju val tímabili eru tvö námskeið í boði þ.e. *Val A* og *Val B*. Því fá nemendur að velja sér og upplifa 10 valnámskeið yfir skólaárið. Nemendur velja sér *Val A* og *Val B* á sjö vikna fresti á þar til gerð valblöð í samráði við foreldra sem þurfa að skrifa undir og samþykkja valið áður en því er skilað. Mikilvægt er að nemandi velji val sem hentar hans/hennar áhuga.

Valið nær til átta kennslustunda á viku.

Val A verður á þri. og fim. kl 12:30-13:50

Val B verður á mið. og fös. kl 10-11:20.



Mikilvægt er að foreldrar fari yfir námskeiðs framboðið með sínu barni og að nemandi velji eftir sínu áhugasviðið.

Athugið að vegna vinsælda sumra námskeiða þá getur verið að nemandi komist ekki að á þessu tímabili en þá er möguleiki á að það geti hentað á næsta tímabili. Þess vegna er mikilvægt að vanda allt sem valið er hvort sem það er sett í 1. 2. eða 3. sæti.

Val A (þriðjudagar og fimmtudagar)

Íþróttir

Tímafjöldi: 2x2 kennslustundir á viku í 7 vikur

Kennari: David Patchell

Verkefni:

Vikur	Íþróttir – 80 mín 2x í viku	
	Netleikir	
1	Badminton	
2	Blak	
3	Tennis	
4	Fótbolti	
5	Hokkí	
6	Handbolti	
7	frjálst val - Netleikir	

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Stjórnað upphitun fyrir hóp
- Stillt upp búnaði
- Skipt í lið og fundið hlutverk fyrir alla í liðinu
- Unnið í hóp
- Dæmt leiki af sanngirni
- Vinna og tala saman

Námsmarkmið:

Að nemandi:

- Skemmti sér í mismunandi íþróttgreinum

Námsmat:

Munnlegt endurmat



Heimilisfræði - bakstur

Tímafjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 7 vikur

Kennari: Þórdís Ólafsdóttir



Lýsing: Í þessum áfanga er lögð áhersla á bakstur. Farið verður yfir ráðleggingar um mataræði og helstu næringarefnin. Kynnt verða algengustu eldhúsáhöld og notkun þeirra með áherslu á bakstur, mælieiningar, mál og vog.

Í verklegu tímunum verður bakað brauð og sætmeti, farið yfir umgengni og þrif á helstu áhöldum til bakstursgerðar m.a. bakaraofn og ofnplötur auk almenns frágangs.

Hæfniviðmið:

að nemandi geti

- aflað sér upplýsinga um matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla
- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best

Námsmarkmið:

að nemandi

- þekki fæðuhringinn og ráðleggingar lýðheilsustofnunar um matarræði
- þrifi vaska, borð og eldavél
- geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og stækkað þær og minnkað

Námsmat:

Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Textílmennt – Lærðu á saumavél - bangsasaumur

Tímafjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 7 vikur.

Kennari: Sigurbjörg K. Jónsdóttir

Lýsing: Við æfum okkur á saumavél, gerum prufur og prófum mismunandi spor. Við lærum að taka upp einföld snið, sníða og sauma í saumavél. Við vinnum afurðina til enda og saumum nokkra hluti, bangsa og föt á hann, kotta og sæng.



Hæfniviðmið:

- að kynnast sníðagerð og vélsaumi
- að kynnast grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- að geta gengið frá og skreytt textílafurð á skapandi og skemmtilegan hátt.
- að kynnast nýjum aðferðum innan textílfraeða
- að geta lagt mat á eigin vinnubrögð

Námsmarkmið:

- að nemandi nái undirstöðufærni í vélsaumi
- að nemandi kynnist nýjum aðferðum innan textílfraeða og spreyti sig á þeim
- að nemandi læri að fylgja leiðbeiningum frá upphafi til enda
- að nemandi sé sjálfstæður í vali og vinnubrögðum

Námsmat:

Leiðsagnarmat og umsagnir.

- að nemandi kynnist nýjum aðferðum innan textílfraeða og spreyti sig á þeim
- að nemandi læri að fylgja uppskrift frá upphafi til enda
- að nemandi sé sjálfstæður í vali og vinnubrögðum

Námsmat: Leiðsagnarmat og umsagnir.

Skapandi dans

Tímalfjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 6 vikur

Kennari: Asako Ichihashi

Lýsing:

Skapandi dans er samræm hreyfing og listræna tjáning sem allir geta tekið þátt í án sérstakrar danstæknikunnáttu. Hann byggir upp á sköpun, ígrundum og tjáningu. Skapandi dans hjálpar til að þekkja sjálfan sig, byggir upp sjálftraust, gagnrýna hugsun og félagslega tengingu með öðrum með því að vinna og dansa saman í sameignlegu rými.



Verkefni:

Unnið er með grunnþætti í skapandi dansi sem er líkami, rými, tími og kraftur. Í hverjum tíma er unnið með þema til að kanna möguleika á hreyfingu og tjáningu með eigin líkama. Nemendur vinna sjálfstætt og einnig með öðrum til að skapa dans saman, horfa hver á annan og ræða um það sem þeir sjá og upplifa.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- lært að beita líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu,
- tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara,
- nýtt sér grunnþætti skapandi dans í eigin sköpun,
- tjáð sig í dansi, tengi saman hreyfingu, túlkun og tónlist,
- unnið sjálfstætt og með jafningjum að dansverkefnum,
- rætt um dans út frá persónulegri upplifun.

Námsmat:

Leiðsagnarmat tekur mið af vinnusemi, frumkvæði, sköpun og samskipti, einnig sjálfsmat og jafningjamat.

**Vinsamlegast ath: nemendur mæta með þægileg föt til að hreyfa sig auðveldlega.*




Myndmennt

Tímafjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 6 vikur . Kennari: Ingibjörg A. Sveinsdóttir

Verkefni:

Fjarviddarteikning með einum punkti. Nemendur kynnst aðferðum fjarviddarteikningar og gera tilraunir með húsateikningu. Farið í vettvangsferð til að skoða mismunandi arkitektúr. Unnið þrívítt hús (lítið módel) eftir skissum nemenda.



Hæfniviðmið:

Að nemandi geti

- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun
- gert grein fyrir marvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar

Námsmarkmið:

Að nemandi

- geti fylgt ferli frá skissu til þrívíðrar hönnunar
- þekki hugtakið „arkitektúr“
- geti nýtt sér lögmál fjarviddarteikningar í myndgerð



Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem lögð er áhersla á vinnusemi, frumkvæði, sköpun, samskipti og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Val B (miðvikudagar og föstudagar)

Osmo og forritun (Box Island)

Kennarar:

Jóhanna Þorkeldsdóttir (10:10 Stofa 25)

Ingibjörg Kristinsdóttir (10:50 – 11:30)

Viðfangsefni:

4 tímar á viku:

Vinna í tölvuleiknum **Box Island og Osmo (ATH! sama Osmo og í síðasta vali)** en þar þjálfast nemendur í að hafa frumkvæði, sýna sjálfstæð vinnubrögð, hæfni til sköpunar, samstarfsgetu á jafningjagrundvelli, sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Osmo vinnur einnig með stærðfræði, listsköpun, orðaforða og athygli.



Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Spilað við aðra og fylgt samskiptareglum sem eiga við hverju sinni.

Tekið sigri og ósigri af virðingu.



Útikennsla (veðurháð)

Tímafjöldi: 2x2 kennslustundir á viku.

Kennari: David William Patchell

Verkefni:

Vika 1	Rötun og leikir
Vika 2	Smíði
Vika 3	Að kveikja eld & útieldun - brauð
Vika 4	Leikir í skóginum
Vika 5	Rattleikur
Vika 6	Smíði
Vika 7	Sleðar og skíði?

Valið er byggt að nokkru leiti á ýmsum verkefnum sem skátar vinna með.

Valið er oftast úti og verða nemendur að vera klæddir eftir aðstæðum.

Valið er samþætting námsgreinanna: heimilisfræði, íþróttir, smíði og samfélagsfræði.

Einnig eru nokkrir tímar sem eru í smíði og fer það eftir veðri hvort að þeir séu úti eða inn í smíðastofu

Námsmarkmið:

Að nemandi:

- efli tengingu sína við náttúruna
- læri að huga að náttúrunni og skilja þarfir hennar og sínar
- efli vellíðan og jákvæða félagslega hegðun
- kynnist núvitund
- geti tekið þátt í slökun
- tileinki sér hugleiðslu
- Kynnast verkfærum í smíðavinnu

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu
- gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu
- gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.



Námsmat: Munnlegt endurmat

Myndmennt

Tímafjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 6 vikur . Kennari: Ingibjörg A. Sveinsdóttir

Verkefni:

Hugmyndavinna og útfærsla á stóru myndverki í miðrými í tilefni 30 ára afmæli skólans. Nemendur finni leið til að virkja alla í skólanum við gerð verksins og bera ábyrgð á framkvæmd þess. Rannsóknarvinna og tilraunir með efni og aðferðir. Endanleg útfærsla verður samvinna í skólanum og verður framkvæmd þess í höndum valhópsins.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti

- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun
- gert grein fyrir marvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar


Námsmarkmið:

Að nemandi

- geti fylgt ferli frá skissu til endanlegrar útfærslu
- skipulagt og framkvæmt verkefni þar sem reynir á samvinnu
- geti nýtt sér aðferðir og tækni myndlistar í vinnu

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem lögð er áhersla á vinnusemi, frumkvæði, sköpun, samskipti og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.



Heimilisfræði - bakstur

Tímafjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 7 vikur

Kennari: Þórdís Ólafsdóttir



Lýsing: Í þessum áfanga er lögð áhersla á bakstur. Farið verður yfir ráðleggingar um mataræði og helstu næringarefnin. Kynnt verða algengustu eldhúsáhöld og notkun þeirra með áherslu á bakstur, mælieiningar, mál og vog.

Í verklegu tímunum verður bakað brauð og sætmeti, farið yfir umgengni og þrif á helstu áhöldum til bakstursgerðar m.a. bakaraofn og ofnplötur auk almenns frágangs.

Hæfniviðmið:

að nemandi geti

- aflað sér upplýsinga um matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla
- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best

Námsmarkmið:

að nemandi

- þekki fæðuhringinn og ráðleggingar lýðheilsustofnunar um matarræði
- þrifi vaska, borð og eldavél
- geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og stækkað þær og minnkað

Námsmat:

Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: vinnusemi, frumkvæði, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Textílmennt – Ull og þæfing – fuglar og fleira

Tímafjöldi: 2 x 2 kennslustundir á viku í 7 vikur.

Kennari: Sigurbjörg K. Jónsdóttir

Lýsing: Við kynnumst ullarvinnslu og horfum á myndbönd, bæði íslensk og erlend. Við æfum okkur að þæfa með nál og sápu. Við skoðum myndir af fuglum og veljum okkur fugla sem við viljum þæfa í mynd, teiknum uppkast og vinnum eftir. Blautþæfum jólakúlur og skreytum að eigin vali.



Hæfniviðmið:

- að kynnast ull og ullarvinnslu
- að kynnast grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- að geta gengið frá og skreytt textílafurð á skapandi og skemmtilegan hátt.
- að kynnast nýjum aðferðum innan textílfræða
- að geta lagt mat á eigin vinnubrögð

Námsmarkmið:

- að nemandi náí undirstöðufærni í þæfingu, bæði blautþæfingu og með nál
- að nemandi kynnist nýjum aðferðum innan textílfræða og spreyti sig á þeim
- að nemandi læri að fylgja leiðbeiningum frá upphafi til enda
- að nemandi sé sjálfstæður í vali og vinnubrögðum

Námsmat:

Leiðsagnarmat og umsagnir.

Nemandi: _____

Bekkur: _____

Val A – þriðjudögum og fimmtudögum

Settu kross (1) við þá smiðju sem þú vilt helst fara í, settu kross nr. 2 við það sem þú vilt næst mest fara í og kross við nr. 3 sem þú vilt þar næst mest fara í. Stundum er ekki hægt að verða við því að allir fái fyrsta valið en þá munu þeir fá fyrsta val á næsta tímabili.

Heiti valnámskeiðs A	1	2	3
Heimilisfræði - bakstur			
Textílmennt- Lærðu á saumavél - bangsasaumur			
Íþróttir - netleikir			
Skapandi dans			
Myndmennt			

Val B – miðvikudögum og föstudögum

Settu kross (1) við þá smiðju sem þú vilt helst fara í, settu kross nr. 2 við það sem þú vilt næst mest fara í og kross við nr. 3 sem þú vilt þar næst mest fara í. Stundum er ekki hægt að verða við því að allir fái fyrsta valið en þá munu þeir fá fyrsta val á næsta tímabili.

Heiti valnámskeiðs B	1	2	3
Heimilisfræði - bakstur			
Útikennsla			
Osmos og forritun (Box Island)			
Myndmennt			
Textílmennt - Ull og þæfing – fuglar og fleira			

Undirskrift foreldris/forráðamanns

Athugið! Skiladagur valblaðs er miðvikudaginn 6. október.